

**Nd.**                                    **396. Frumvarp til laga**                                    **[159. mál]**  
um skattfrelsi Nóbelsverðlauna Halldórs Kiljans Laxness.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1956.)

1. gr.

Nóbelsverðlaun Halldórs Kiljans Laxness skulu undanþegin tekjuskatti og útsvari.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkisstjórnin telur óeðlilegt að lagður sé tekjuskattur eða útsvar á Nóbelsverðlaun og leggur því fram frumvarp þetta.